

**REGLUGERÐ
um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 475/2012
að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 1,
og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 19.**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2013, frá 15. mars 2013, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 475/2012 frá 5. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekina alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 1 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 19.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 475/2012 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 20/2013, 28. mars 2013, bls. 682.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2013 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðu-reikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. maí 2013.

F. h. r.

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Harpa Theodórsdóttir.

Fylgiskjal.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2013**

frá 15. mars 2013

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 475/2012 frá 5. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 1 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 19 (¹).
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 0475:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 475/2012 frá 5. júní 2012 (Stjórið. ESB L 146, 6.6.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 475/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjórið. ESB L 146, 6.6.2012, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Nr. 492

23. maí 2013

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2013